

Skýrsla stjórnarformanns 2015

STÖRF STJÓRNAR

Á aðalfundi SAM 5. mars 2015 var samþykktum samtakanna breytt. Eftir breytingar fækkaði í stjórn SAM og eru stjórnarmenn nú fjórir í stað sjö áður. Frá aðalfundi SAM 5. mars 2015 hefur stjórn SAM haldið átta bókaða fundi.

Á fundum stjórnar var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara og rekstur SAM. Einnig fjallaði stjórn SAM um og gerði tillögu að greiðslumarki fyrir verðlagsárið 2016.

Önnur mál sem stjórn SAM hefur meðal annars fjallað um frá síðasta aðalfundi eru viðræður um nýjan búvörusamning, reglur aðildarfélaganna SAM um úrvalsmjólk, reglur um flokkun mjólkur, nám í mjólkuriðn og aðferðir til að fylgjast með breytingum í stærð íslenska kúastofnsins.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn SAM tilnefnt eða skipað fulltrúa í:

Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins;

Tilnefnd voru Guðrún Sigurjónsdóttir og Jóhannes Æ. Jónsson; en til vara er Rögnvaldur Ólafsson.

Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands;

Skipaðir voru Jóhannes Ævar Jónsson, Rögnvaldur Ólafsson og Pálmi Vilhjálmsson, en til vara Egill Sigurðsson.

Í Fagråd nautgriparæktarinnar er tilnefndur Björn S. Gunnarsson.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins;

Skipaðir voru Jóhannes Æ. Jónsson, Sigurður Loftsson og Björn S. Gunnarsson.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2015

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2015 og var 146 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2014 var framleiðslan 133,5 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun mjólkurinnleggjenda 2015 var 229.614 lítrar og jókst um 24.208 lítra á árinu eða 12%. Frá árinu 2013 hefur meðalinnvigtun hvers mjólkurinnleggjenda aukist um 42.815 lítra á ári, hlutfallsleg aukning frá árinu 2013 nemur 23%. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 636 og hafði fækkað um 14 á árinu.

Greiðslumark verðlagsársins 2015 var 140 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 146.034.433 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 6.053.594 lítrar. Greiðslumark verðlagsársins 2016 hefur verið ákveðið samkvæmt tillögu SAM 136 milljónir lítra.

Sala mjólkurvara árið 2015 var góð og jókst salan hvort sem litið er til sölu umreiknaða á fitu- eða próteingrunn. Á fitugrunni nam sala árið 2015 tæpum 133 milljónum lítra sem var 3% aukning frá árinu 2014. Á próteingrunni var sala 122,6 milljónir lítra og jókst um 1,2% á milli ára. Sala á fitugrunni var um 10 milljónum meiri en sala á próteingrunni, en árið 2014 var sala á fitugrunni 8 milljónum lítra meiri en á próteingrunni. Haldist sama söluaukning í fitu- og próteinhlutum árið 2016 verður sala á fitugrunni nær 13 milljónum lítra hærrí en sala á próteingrunni árið 2016, eða sem nemur um 1.100 tonnum af undanrennufti.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 15 tonn á milli ára, af því voru 14 tonn aukning í innflutningi osta. Innflutningurinn árið 2015 samsvarar um 2,6 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 1,9 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst um 64% frá árinu 2014. Útflutningur á viðbiti hætti, útflutningur á ostum minnkaði um 917 kíló en útflutningur á undanrennudufti jókst um 300 tonn. Útflutningur á skyri jókst um tæp 50% á milli ára og var samtals 986 tonn.

VERKEFNI SAM

SAM safnar og vinnur tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar skila tölfraði sem nýtt er til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga, Hagstofu Íslands, tölfraeðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat) og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum, sem reiknaðar eru milli aðildarfélaga SAM á grundvelli heimildarákvæðis í Búvörulögum.

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM einnig bókhald fyrir Verðtilfærslusjóð SAM og birtir ársreikning sjóðsins í ársskýrslu SAM. Frá árslokum 2008 hefur starfsmaður SAM einnig annast útreikning launa fyrir Mjólkursamsöluna, ásamt öðrum verkefnum vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnnar.

SAM er aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, sem starfa innan Samtaka Iðnaðarins, og tengiliður íslensk mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðlegu mjólkuriðnaðarsamtökin).
2. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølkekvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Árið 2015 gerðist SAM aðili að alþjóðlegu samtökunum Global Dairy Platform (GDP), en markmið þeirra er að styðja mjólkuriðnað í framleiðslu og sölu á sjálfbærum og hollum mjólkurafurðum. Aðild að samtökunum er SAM að kostnaðarlausu. Markmiðið SAM með þátttöku í erlendu samstarfi er að sækja upplýsingar sem gagnast íslenskum mjólkuriðnaði.

Febrúar 2016

Rögnvaldur Ólafsson stjórnarformaður